

# Stórurð til framtíðar

Ástandsúttekt og framtíðarsýn



Hörn Halldóruddóttir Heiðarsdóttir

29.10.2019

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>2. Um Stórurð</b> .....	<b>3</b>
<b>3. Um verkefnið</b> .....	<b>4</b>
<b>4. Úttekt svæðinu</b> .....	<b>6</b>
4.1 Kort .....	6
4.2 Skilti .....	7
4.3 Vegvísar .....	9
4.4 Stikur .....	10
4.5 Gönguleiðir.....	11
Vatnsskarðsvegur – Stórurð (leið 8) .....	11
Vatnsskarð – Stórurð (leið 9) .....	12
Njarðvík – Stórurð (leið 10) .....	14
Bakkagerði – Stórurð (leið 13) .....	15
Hólaland – Stórurð (leið 14) .....	16
Stórurð (hringleið) .....	17
<b>5. Framkvæmdir 2019</b> .....	<b>19</b>
<b>6. Álit hlutaðeigenda</b> .....	<b>20</b>
6.1 Innlegg landeigenda.....	20
6.2 Innlegg ferðamanna .....	22
<b>7. Framtíðarsýn fyrir svæðið</b> .....	<b>23</b>
<b>8. Framtíðarsýn fyrir landvörslu</b> .....	<b>26</b>
<b>9. Tillögur að framkvæmdum</b> .....	<b>27</b>
<b>10. Lokaorð</b> .....	<b>29</b>

## 1. Inngangur

Stórurð er án efa eitt stórkostlegasta náttúrufrýrbæri landsins og þótt víðar væri leitað. Landslagið er í senn stórbrotið og fíngert, blómlegt og hrjóstrugt, en þarna má finna fagurgræna grasbala og himinblátt jökulvatn innan um mikilfengleg björg. Sjón er sögu ríkari.

Gífurleg átök og læti hafa einkennt myndun Stórurðar en nú ríkir þar friðsæld og kyrrð sem fjölmargir ferðamenn sækjast eftir að upplifa ár hvert. Stórurð er nú þegar vinsæl til göngu og útivistar og hefur áhuginn farið vaxandi, sérstaklega með auknum straumi erlendra ferðamanna til landsins. En hvernig er núverandi ástand svæðisins? Er ágangur ferðamanna orðinn svo mikill að komið sé að þolmörkum? Og sé úrbóta þörf, hvaða aðgerðir þarf að ráðast í til að tryggja verndun náttúru svæðisins til frambúðar?

Í Stórurð liggja fimm gönguleiðir sem stikaðar voru af Ferðamálahóp Borgarfjarðar eystri en ekki hefur áður verið gerð heildstæð úttekt á ástandi þeirra síðan stíkun hófst árið 1996. Er nú svo komið að aðstandendur Stórurðar – Ferðamálahópur Borgarfjarðar, Ferðafélag Fljótshálsa, landeigendur og sveitarfélagið Fljótshálsa – vilja fá upplýsingar um núverandi ástand svæðisins og tillögur að úrbótum svo hægt sé að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að verndun þessarar miklu náttúruveru.

Í sumar var því fenginn landvörður til að taka út svæðið í heild en gerð var sambærileg úttekt á Víknaslóðum sumarið 2018. Lagt var upp með að ræða við landeigendur, ganga allar gönguleiðir og meta núverandi ástand þeirra auk þess að útbúa lista yfir aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í næsta sumar. Þessi skýrsla er samantekt á umræddri úttekt auk þess sem tekin eru saman helstu atriði úr samtölum við landeigendur og fjölmarga ferðamenn sem fóru um svæðið. Þá er einnig fjallað um framtíðarsýn fyrir Stórurð sem göngusvæði og landvörslu þar. Loks má finna lýsingu á þeim örfáu úrbótaverkefnum sem framkvæmd voru í sumar auk verkefnalista fyrir landverði næstu ára.

## 2. Um Stóruð

Stóruð er einstök náttúruperla í Urðardal vestan undir hinum stórbrotnu Dyrfjöllum. Hún er af mörgum talin ein fegursta og merkilegasta náttúrumyndun landsins en Dyrfjallasvæðið hefur verið vinsælt til göngu og útivistar um árabil.

Stóruð tilheyrir landi Hrafnabjarga í Hjaltastaðapinghá og er stundum kölluð Hrafnabjargarurð. Gönguleiðirnar fimm sem að henni liggja eru svo í landi Hrafnabjarga, Unaóss, Njarðvíkur, Jökulsár og Hólalands. Ein leið liggur frá Fljótsdalshéraði, tvær frá Borgarfirði, ein úr Njarðvík og loks er ein sem liggur frá Vatnsskarði og er því nokkurn veginn á mörkum Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðarhrepps.

Við upphaf allra gönguleiða eru bílastæði og haustið 2016 opnaði í Vatnsskarði nýtt þjónustuhús sem reist var af Fljótsdalshéraði og Borgarfjarðarhreppi. Í húsinu er salerni og kort af Dyrfjallasvæðinu auk skilta sem greina frá gönguleiðum og náttúru svæðisins.

Hrafnabjargaland, þ.m.t. Stóruð og Dyrfjöll, hefur verið á náttúruminjaskrá síðan 1975 vegna stórbrotins framhlaups og fjölbreytts og sérstæðs landslags. Í sumar kynnti svo Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur jarðanna Heyskála, Hrafnabjarga og Unaóss og sveitarfélagið Fljótsdalshérað, áform um friðlýsingu jarðanna þriggja. Miðað er að því að „varðveita sérkenni og einkenni landslags svæðisins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess“. Jafnframt að „vernda vistgerðir, fugla og búsvæði þeirra og einstakar náttúrumyndanir vegna fræðilegs gildis, fegurðar og sérkenna“. Ætla má því að á næstu árum verði bæði Dyrfjöll og Stóruð, ásamt Stapavíkur norðan Héraðssanda, að friðlýstu svæði á vegum Umhverfisstofnunar.

Á vefsíðu Ferðamálahóps Borgarfjarðar eystri, borgarfjordureystri.is, má finna nánari upplýsingar um Stóruð og svæðið í kring ásamt GPS gögnum um gönguleiðirnar.

### 3. Um verkefnið

Ráðning landvarða í Stóruð sumarið 2019 var samstarfsverkefni Ferðafélags Fljótsdalshéraðs (FFF) og Ferðamálahóps Borgarfjarðar eystra (FB). Um var að ræða áframhald af verkefni sem hófst sumarið áður, þegar landvörður var ráðinn til að gera ástandsúttekt á Víknaslóðum. Viðbótin kom til vegna samstarfs FB og FFF við sveitarfélagið Fljótsdalshérað og landeigendur að Stóruð.

Ástandsúttekt á gönguleiðum í Stóruð lá beint við eftir að Víknaslóðir höfðu verið kannaðar sumarið 2018 enda er Dyrfjallasvæðið nátengt og margir þeirra sem leggja leið sína á Víkur ganga einnig í Stóruð. Auk þess voru gönguleiðirnar í Stóruð stikaðar af meðlimum FB um svipað leyti og leiðir í Víkum og Loðmundarfirði og birtast þessar leiðir allar á sama gönguleiðakortinu sem gefið er út af FB.

Líkt og fyrr segir hefur Stóruð verið vinsælt göngusvæði um árabíl en viðhald á innviðum svæðisins hefur þó ekki verið með reglubundnum eða markvissum hætti. Ferðamálahópur Borgarfjarðar hefur séð um stikun og viðhald gönguleiðanna undanfarin ár en sumar þeirra hafa þó ekki verið endurbættar lengi. Nú er svo komið að viss svæði eru farin að láta verulega á sjá og því kominn tími til að fara í markvissar endurbætur á öllum leiðum og móta framtíðarsýn fyrir svæðið í samráði við landeigendur og aðra hlutaðeigandi.

Markmiðið með því að ráða landverði í fyrsta sinn á Dyrfjallasvæðið í sumar var að fá utanaðkomandi aðila til að gera heildstæða úttekt á svæðinu; kanna núverandi ástand og hvaða úrbóta sé þörf. Einnig að ræða við landeigendur og fá þeirra sýn á svæðið og framtíðarhorfur þess.

Að undirbúningi og skipulagningu verkefnisins í sumar stóðu Þórhallur Þorsteinsson, Hafþór Snjólfur Helgason og Ingibjörg Jónsdóttir. Fólust þeirra störf meðal annars í styrkjasöfnun og útvegum húsnæðis fyrir starfsmenn auk ýmiss almenns undirbúnings.

Landverðir voru Hörn Halldórudóttir Heiðarsdóttir og Bjarni Karlsson.

## Vinnutilhögun

Landverðir mættu á svæðið þann 28. júní 2019. Unnið var u.þ.b. fimm daga vikunnar, tíu klukkustundir á dag, en landverðir höfðu þó frelsi til að skipuleggja vinnu sína og frídaga eftir hentugleika.

Alls voru landverðir við störf á svæðinu í rúmar sex vikur eða á eftirfarandi tímabilum:

- 28. júní – 30. júlí
- 12. – 23. ágúst

Auk þess að taka út gönguleiðir í Stórurð sinntu landverðir einnig ýmsum störfum á Víkum og í Loðmundarfirði. Líkt og árið áður höfðu þeir aðsetur í Höfn á Borgarfirði.

## Styrktaraðilar

Eftirfarandi aðilar styrktu ráðningu landvarða og/eða uppbyggingu á Víknaslóðum og í Stórurð sumarið 2019:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Fjótshérað
- Brothættar byggðir
- Borgarfjarðarhreppur
- Arion banki
- Alcoa fjarðaál
- Landsnet

## 4. Úttekt svæðinu

### 4.1 Kort

Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri sér um útgáfu gönguleiðakorts af Dyrfjallasvæðinu, Víkum og Loðmundarfirði. Fyrsta kortið kom út árið 1998 og sýnir leiðir við Borgarfjörð, Seyðisfjörð og Úthérað.

Hver gönguleið er tölusett og á bakhlið kortsins má finna leiðarlýsingar ásamt hnitum og lengd gönguleiða auk annarra gagnlegra upplýsinga. Þá er merkt hvort hver leið sé stikuð eða ekki (grænar gönguleiðir eru merktar en rauðar ómerktar) og hvert erfiðleikastig hennar er (auðvelt, krefjandi eða erfitt).



Gönguleiðakort FB

Kortið er mjög gott og hreinlega nauðsynlegt fyrir hvern þann sem hyggst ganga á þessum slóðum. Leiðarlýsingar eru góðar, framsetningin er skýr og allar helstu upplýsingar sem mikilvægt er að hafa koma þar fram. Kortið var síðast endurprentað sumarið 2019.

Eftirfarandi eru tillögur að breytingum á kortinu fyrir næstu útgáfu:

- Hringleiðin sem stikuð er í sjálfri Stóruðinni er ekki merkt sérstaklega sem leið á kortinu heldur ávallt talin með hinum leiðunum. Þessu mætti gjarnan breyta til að auka skýrleika kortsins. Þannig væri hringleiðin merkt sem sér 1,5 km leið en hinar gönguleiðirnar fimm sem leiða að Stóruð mætti stytta sem því nemur. Þá væri leiðarlýsingum breytt á þann veg að útskýrt sé að leiðirnar liggja niður að Stóruð en að svo taki við 1,5 km hringleið um urðina. Sem dæmi er leiðin frá Vatnsskarði merkt 7,5 km en í raun eru aðeins um 6 km að Stóruð.
- Á leið 14 frá Hólalandi er gengið á jeppaslóða fyrst um sinn og í leiðarlýsingu stendur: „Frá Hólalandi er fremur þægileg ganga en löng, fyrst 6,5 km eftir lokaðri jeppaslóð að krossgötum við Grjótfjall...“. Leiðin er alls merkt 12 km löng svo rúmlega helmingur er genginn á jeppaslóða. Á kortinu virðist hins vegar sem svo að jeppaslóðin sé mun styttri en 6,5 km langur og að hann endi greinilega svo að ljóst megi vera hvar halda skuli áfram eftir merktri gönguleið í Stóruð. Hið rétta er að jeppaslóðin heldur áfram um Sandaskörð og er því talsvert lengri en kortið gefur til kynna. Þetta getur reynst ferðamönnum ruglingslegt, sér í lagi

þar sem beygja þarf út af slóðanum undir Grjótfjalli til að halda áfram gönguleiðinni í Stóruð – ólíkt því sem lesa má af kortinu. Kortið og leiðarlýsingin eru ekki í samræmi.

- Taka mætti fram í leiðarlýsingu að það þurfi að vaða ár á leið 14 frá Hólalandi í Stóruð.

## 4.2 Skilti

### Upphafsskilti gönguleiða

Við upphaf hverrar gönguleiðar er skilti með leiðarlýsingum, hnitum, lengdum gönguleiða og áætluðum göngutíma. Auk þess er kort þar sem sjá má þær leiðir sem hægt er að ganga út frá staðsetningu skiltisins en þetta eru sömu upplýsingar og finna má á gönguleiðakortinu.

Sum þessara skilta hafa orðið fyrir rakaskemmdum og þarf að skipta um kort og jafnvel plastið utan um.



Upplýsingaskiltið í Stóruð er illa farið.  
Textinn er nánast alveg máður af og plastið er rispað.



Tafla 1 að neðan sýnir ástand upphafsskiltanna fyrir leiðirnar í Stóruð.

Nr.	Staðsetning skiltis	Skipta út korti	Ónýtt plast	Athugasemdir
1	Vatnsskarðsvegur			
2	Stóruð	X	X	Gamalt skilti. Texti hefur máðst af og plastið er rispað.
3	Vatnsskarð	X		Skipt var um kort í sumar.
4	Njarðvík			Skilti í lagi
5	Bakkagerði	-	-	Skilti vantar. Þarf að setja niður.
6	Hólaland			Skilti í lagi

## Önnur skilti

Langflestir sem ganga í Stóruð leggja leið sína úr Vatnsskarði en þar er, sem fyrr segir, nýlegt þjónustuhús með salerni ásamt korti og upplýsingum um svæðið. Slík skilti eru mikilvæg og hjálpa göngufólki að undirbúa ferðir sínar um svæðið.

Þannig mætti til dæmis veita ferðamönnum nánari upplýsingar um erfiðleikastig gönguleiðanna auk upplýsinga um hvenær sé ráðlegt að ganga um svæðið og hvenær ekki. Margir leggja leið sína í Stóruð mjög snemma sumars þegar mikið er um snjó og bleytu þrátt fyrir að almennt sé ekki talið ráðlegt að fara fyrir en frá miðjum júlí og fram um miðjan september. Landverðir hittu einnig nokkra erlenda ferðamenn sem gerðu sér ekki grein fyrir að um væri að ræða nokkurra klukkustunda fjallgöngu en ekki stutt labb frá bílastæðinu. En sumu fólki er kannski ekki viðbjargandi.

Einnig væri gaman að koma upp fræðsluskilti í Stóruð, til dæmis við krossgötturnar sunnan við Mjóadalsvarp þar sem horft er yfir urðina úr um 150 m hæð. Þar gæti hentað vel að hafa skilti með upplýsingum um jarðfræði og náttúru svæðisins en slíkt slíkt myndi ekki aðeins auka upplifun ferðamanna heldur einnig stuðla að góðri umgengni um svæðið.

Loks mætti brýna betur fyrir ferðamönnum hvernig hringleiðin um Stóruð liggur en það mætti til dæmis gera með því að setja upplýsingaskilti með yfirlitsmynd yfir svæðið við krossgötturnar, eða þar sem hringleiðin hefst norðan við urðina.

### 4.3 Vegvísar

Á svæðinu eru nokkrir vegvísar. Um er að ræða grænmálaða staura með innfelldum, gulmáluðum ólspjöldum. Á spjöldunum eru límmiðar með helstu upplýsingum um leiðirnar.

Vegvísarnir í Stóruð eru farnir að láta heldur mikið á sjá. Merkingar á þeim þarf að endurnýja eða skipta alveg út fyrir nýrri gerð sem byrjað var að nota á Víknaslóðum í sumar.



Yfirfara þarf alla vegvísa á svæðinu og helst skipta þeim út fyrir nýrri gerð.



Ný gerð af vegvísam sem settir voru niður víða á Víknaslóðum í sumar.

Núverandi vegvísar falla inn í staurinn og getur hver staur því ekki vísað í margar áttir. Sums staðar má þess vegna finna nokkra vegpresta á einum stað, sem vísa í sína áttina hver. Staurarnir eru nokkuð fyrirferðarmiklir og taka óþarflega mikið pláss.



Þrjú vegprestar á krossgötum sunnan Mjóadalsvarps.

Auk þess að skipta út gömlum vegvísnum mætti bæta við á stöku stað. Til dæmis á leið 14, sem liggur frá Hólalandi, á krossgötunum undir Grjótfjalli en þar á að beygja út af Jeppaslóðanum og til norðurs í átt að Eiríksdalsvarpi. Jeppaslóðinn heldur svo áfram um Sandaskörð. Einnig mætti bæta við vegvísnum á öllum leiðum sem veita upplýsingar um hve langt er eftir af göngunni.

#### 4.4 Stikur

Kominn er tími til að yfirfara allar leiðir hvað merkingar varðar en ástand stikanna er misgott. Langflestum þarf að skipta út fyrir nýjar þar sem þær eru ýmist brotnar, fallnar eða málningin er alveg máð af. Einnig þarf að bæta við stikum á stöku stað.

Þá þarf að samræma stikurnar á svæðinu en þær eru nú nokkuð misjafnar að stærð og gerð. Langflestar eru grænmálaðar með gulum toppi en á leið 8 frá Vatnsskarðsvegi má finna þó nokkrar með rauðum toppi. Mikilvægt er að samræma stærð og liti allra stika á svæðinu til að auðvela göngufólki að fylgja merktum leiðum og auka þannig öryggi þeirra auk þess að hlífa náttúru svæðisins.



Kominn er tími til að skipta út öllum stikum fyrir nýjar

Loks leggur landvörður til að hætt verði að mála stikurnar grænar og að þess í stað verði aðeins toppur stikanna málaður. Er það stefnan sem tekin var við endurstikun gönguleiða á Víknaslóðum og hefur reynst vel. Græni liturinn fellur ekki betur inn í landslagið en ómálaðar stikur heldur getur þvert á móti verið náttúrulegra að hafa viðinn beran. Að mála stikurnar alveg felur einnig í sér meira viðhald en að endurmála toppana á þeim stikum sem þegar eru komnar niður.

#### 4.5 Gönguleiðir

Í heildina eru fimm stikaðar leiðir í Stóruð auk hringleiðar um sjálfa urðina. Einnig er ein óstikuð leið merkt á kortið en hún liggur úr Njarðvík í Urðardal og tengist svo inn á leið 13 í Stóruð. Hér verður aðeins fjallað um stikaðar gönguleiðir á svæðinu.

##### Vatnsskarðsvegur – Stóruð (leið 8)

Gengið er frá bílastæði í Ósfjalli og undir Rjúpnafelli. Komið er í Stóruð neðarlega, þar sem litla hringleiðin í urðinni endar. Algengt er að fólk gangi þessa leið til baka úr urðinni eftir að hafa lagt af stað frá Vatnsskarði.

Leiðin er þægileg og létt, enda lítil sem engin upphækkun, en nokkuð löng. Undirlagið er að mestu leyti gróið og blautt og er þetta sú leið sem er verst farin á svæðinu. Þegar gengið er út Urðardalinn er farið í gegnum mikið votlendi og er það verst hluti leiðarinnar.

Að hluta til er gengið á gömlum fjárgötum og þar er leiðin skýr en líkt og fyrr segir er einnig mikið gengið í gegnum mýrar. Þar þarf stundum að þétta stikunina enda víða ekki greinilegur stígur í votlendinu. Sums staðar hafa þó myndast nýir slóðar þar sem

göngufólk hefur reynt að sneiða hjá bleytunni og farið af leið. Þar mætti leggja litlar göngubrýr eða hlaða grjóti í blautustu og drullugustu svæðin til að hlífa þeim fyrir frekari ágangi. Einnig mætti skoða að færa gönguleiðina yfir á þurrari svæði eða reyna að beina umferð frekar um leið 10 úr Njarðvík.

Skipta þarf út öllum stikum á leiðinni en þær eru í nokkuð misjöfnu ástandi og auk þess af ýmsum stærðum og gerðum.



Víða er gengið í mýri eða blautum jarðvegi og eru mörg svæði orðin illa farin.



Breiður kafli þar sem gönguleiðin er orðin drullug og illa farin.

### Vatnsskarð – Stórurð (leið 9)

Leiðin hefst við bílastæði í Vatnsskarði og liggur upp á Geldingafjall. Þaðan er gengið vestan við Súlu að krossgötum sunnan við Mjóadalsvarp þaðan sem gengið er beint niður í Stórurð.

Þetta er án efa vinsælasta leiðin í Stórurð en í Vatnsskarði eru bílastæði og nýlegt þjónustuhús með salerni. Leiðin er nokkuð þægileg og gefur gott útsýni yfir Njarðvík og Úthérað auk þess sem vel sést yfir Stórurð af krossgötunum sunnan Mjóadalsvarps.

Leiðin er að mestu leyti vel merkt en kominn er tími til að skipta út öllum stikum fyrir nýjar. Nánast allan tímann er greinilegur stígur og er hann sums staðar jafnvel orðinn of greinilegur vegna mikils ágangs ferðamanna. Nokkrum sinnum liggur leiðin í gegnum dýjamosa eða mjög gróna bakka lítilla lækja og þar hefur myndast mikið drullusvað. Skoða mætti að hlaða grjóti í verstu svæðin til að auðvelda fólki að stikla yfir og koma í veg fyrir frekari ágang eða jafnvel færa leiðirnar þannig að gengið sé á þurrara og grýttara undirlagi.



Fjögur mismunandi svæði sem öll eru illa leikin.

Þrátt fyrir að leiðin sé almennt vel merkt mætti þétta stikunina á köflum, sérstaklega þar sem nokkrir hlutar leiðarinnar eru ávallt lengi undir snjó auk þess sem hún liggur hátt og er nokkuð þokugjörn.

Líkt og fyrr segir mætti hlaða grjóti í nokkur blaut svæði, sér í lagi þau sem liggja hátt og eru lengi undir snjó. Við tvo lækki, eftir að neðar er komið í átt að urðinni, mætti þó gjarnan setja niður göngubrýr. Slíkt myndi ekki aðeins hlífa svæðunum fyrir frekari ágangi heldur einnig auðvelda ferðamönnum gönguna. Þó mætti einnig skoða að færa leiðina þannig að sneitt sé alveg hjá votlendinu og gengið ofar í hlíðum Súlna.

GPS-hnit fyrir möguleg brúarstæði:

- 65° 31' 15,72" N, 13° 59' 58,06" W
- 65° 30' 59,19" N, 13° 59' 44,91" W



Á nokkrum stöðum mætti setja litla göngubrú eða hlaða grjóti til að fólk geti stiklað og hlíft leiðinni fyrir frekara raski.

### Njarðvík – Stórurð (leið 10)

Leiðin liggur frá litlu bílaplani í Njarðvík, ofan við Hengifossmýrar og upp Mjóadal að krossgötum sunnan við Mjóadalsvarp. Þaðan er gengið beint niður í Stórurð.

Þessi leið var endurstikuð af FB og Ungmennafélagi Borgarfjarðar sumarið 2017 og er því í nokkuð góðu ástandi. Hún er almennt ekki eins lengi undir snjó og hinar leiðirnar og þolir meiri ágang en aðrar. Hún er auk þess styst og hentar því vel fyrir fólk sem vill fara í þægilega göngu í Stórurð.

Yfirfara þarf allar stikur á leiðinni þar sem málningin er horfin af flestum auk þess sem margar eru brotnar eða fallnar. Ástæðan er líklega sauðfjárbeit á svæðinu en kindur virðast sólgna í stikur.

Leiðin er annars nokkuð vel stikuð auk þess sem gengið er á fjárgötum nánast allan tímann. Á aðeins einum kafla, frá Mjóadalsvarpi og niður að krossgötunum þaðan sem horft er yfir Stórurð, er leiðin ekki mjög greinileg enda er þar grýttur melur sem er hvað lengst undir snjó. Þar mætti bæta við stikum.



Stíka mætti betur frá Mjóadalsvarpi og niður að krossgötum.

Einnig mætti þetta upphaf leiðarinnar örlítið svo það fari ekki á milli mála hvert skal halda af bílastæðinu í Njarðvík. Landverðir urðu oftast en einu sinni vitni að ferðamönnum sem voru komnir langleiðina upp í fjallshlíð á kolröngum stað áður en þeir áttuðu sig á því hvar gönguleiðin liggur.

### Bakkagerði – Stórurð (leið 13)

Gangan hefst við Brandsbalarétt í Borgarfirði en gengið er meðfram Grjótá og upp í Efra-Grjótaldalsvarp. Þaðan er farið um Urðardal og áfram um Dyrfjalladal að krossgötum sunnan við Mjóadalsvarp þaðan sem gengið er beint niður í Stórurð.

Ekkert upphafsskilti er fyrir þessa gönguleið. Úr því þarf að bæta sem fyrst en stundum kemur fyrir að bankað sé upp á hjá landeigendum að Jökulsá til að spyrja til vegar.

Leiðin er greinileg og nokkuð vel merkt Borgarfjarðarmegin við fjöllin. Þar er víðast gengið um gróið land, mela og skriður en á stöku stað er mikil bleyta. Eftir að komið er niður úr Efra-Grjótaldalsvarpi tekur við nokkuð erfiður kafli um grófar grjóturðir, bæði í Urðardal og Dyrfjalladal. Undirlagið á þeim kafla þolir ágang nokkuð vel en leiðin er ekki alltaf mjög skýr þar sem stikurnar eru víða brotnar eða fallnar.

Þessi leið er bæði löng og krefjandi og er minna gengin en aðrar leiðir í Stórurð. Aftur á móti er hún hlaupin í Dyrfjallahlaupinu ár hvert en þá fara hana um 100 manns á einum degi.



Kaflann sem liggur frá Dyrfjalladal og að krossgötunum undir Mjóadalsvarpi mætti merkja betur, en leiðin er hreint ekki nógu greinileg fyrir þau sem ganga frá Stóruð í Bakkagerði.



Sums staðar mætti merka leiðina betur.

#### Hólaland – Stóruð (leið 14)

Leiðin hefst við Hólaland en gengið er um 6,5 km á lokaðri jeppaslóð að krossgötum við Grjótfjall. Þar er beygt út af slóðanum og haldið til norðurs um Eiríksdalsvarp og Lambamúla þar til komið er ofan í Stóruð að suðaustanverðu.

Gönguleiðin er mjög villugjörn og óskýr á köflum og laga þyrfti merkingar töluvert eftir að beygt er út af jeppaslóðanum undir Grjótfjalli. Einnig er ekki nógu skýrt hvar skuli beygja út af slóðanum enda gefur kortið til kynna að jeppaslóðinn endi mun fyrr en hann gerir. Þar þarf að bæta við stikum og jafnvel setja vegvísi til að það fari ekki á milli mála hvar skuli beygja af slóðanum.



Víða eru stikur fallnar eða brotnar.

Enginn greinileg slóð er á leiðinni fyrr en komið er niður í Stórirurð. Því er mikilvægt að stíka þétt enda er svæðið víða mjög þokugjarnt.

Á nokkrum stöðum þarf að vaða ár sem ekki er alltaf hægt að stíkla, jafnvel þar sem gengið er á jeppaslóðanum. Þetta mætti taka fram í leiðarlýsingu á kortinu til að fólk geti undirbúið sig samkvæmt því.



Þessi leið er gjarnan lengi undir snjó.

### Stórirurð (hringleið)

Stíkuð er 1,5 km hringleið um Stórirurð. Flestir hefja leiðina þaðan sem komið er niður af krossgötum sunnan Mjóadalsvarps en fyrst þarf að komast yfir jökulá sem rennur úr Dyrfjöllunum, norðan við urðina sjálfa. Gengið er í gegnum sléttan, gróinn flöt áður en farið er inn í sjálfa urðina þar sem víða þarf að þríla og stíkla ár.

Þar sem komið er niður brekkuna frá fyrrnefndum krossgötum og ofan í Stórirurð er gönguleiðin orðin ansi illa útleikin. Neðst í brekkunni er nokkuð langur og breiður kafli sem er blautur og drullugur svo ferðamenn fara alltaf sífellt lengra til hliðanna til að sneiða hjá honum.



Illu útleikið svæði þar sem komið er niður í Stórirurð.

Ferðamenn lenda stundum í vandræðum með að komast yfir nyrstu ána sem getur verið vatnsmikil og breið. Ófáir hafa freistast til að stikla en ekki náð alveg yfir á hinn bakkann með misskemmtilegum afleiðingum. Þessa á mætti brúa með lífilli göngubrú til að auka öryggi ferðamanna og stýra betur umferð um svæðið.



Sumir ferðamenn lenda í erfiðleikum með að stikla yfir nyrstu ána.

Hringleiðin í Stórurð liggur í þurru undirlagi og sjálf leiðin er í ágætu ástandi miðað við þann mikla fjölda ferðamanna sem fer um svæðið. Aftur á móti heldur fólk sig almennt ekki aðeins á gönguleiðinni heldur fer víða um. Fjölmarginir þróa í björgunum til að stilla sér upp fyrir myndatökur eða borða nesti með tilheyrandi gróðureyðingu og jarðraski. Með því að setja upp fræðsluskilti um hringleiðina þar sem hún hefst mætti biðla til fólks að halda sig á stikuðu leiðinni og sýna varkárni í umgengni um svæðið.



Ferðamenn fylgja gönguleiðinni yfir snjóloft. Undir rennur á.

Líkt og fyrr segir þarf víða að þróa og stikla árnar sem flæða um Stórurð. Svæðið er oft lengi undir snjó, jafnvel langt fram á sumar, og víða skapast hættu þar sem gönguleiðin liggur í gegnum snjóloft. Mikil hættu er á að göngufólk detti í gegnum snjóinn þar sem undir leynist

gjarnan vatnsmikil á. Skoða þyrfti að gera breytingar á hringleiðinni þannig að reynt sé að sneiða sem mest framhjá slíkum stöðum.

## 5. Framkvæmdir 2019

Í sumar var lögð áhersla á að ganga allar leiðir og gera heildarúttekt á svæðinu. Framkvæmdir voru því í lágmarki en sumarið 2020 verður lögð áhersla á að vinna að úrbótum á svæðinu. Effifarandi er útlistun á því helsta sem var gert.

Að beiðni landeigenda að Jökulsá var sett upp príla yfir girðingu við Brandsbalarétt þar sem leið 13 í Stóruð hefst. Prílan eykur til muna skýrleika gönguleiðarinnar – nú er alveg ljóst að fara eigi út á túnið handan girðingar. Nokkuð var um það að ferðamenn vissu ekki hvort þau ættu að fara í gegnum hliðið á girðingunni og þeir sem það gerðu gleymdu oftast en ekki að loka á eftir sér.



Príla við upphaf gönguleiðar 13 sem hefst við Brandsbalarétt.

Sett var upp lítið skilti – heimatilbúið um sinn – sem bendir fólki á að beygja frá ruslahaugum Borgarfjarðarhrepps til að komast að Brandsbalarétt, þar sem leið 13 frá Bakkagerði í Stóruð hefst. Þó nokkrir ferðamenn hafa óvart endað við ruslahaugana í leit sinni að upphafi gönguleiðarinnar og því nauðsynlegt að koma upp skilti á réttum stað.

Upphafsskiltið í Vatnsskarði var orðið illa leikið af rakaskemmdum og í sumar var kortinu skipt út fyrir nýtt. Enn á eftir að skipta út skiltinu á hringleiðinni í Stóruð en það er í slæmu ásigkomulagi.



Upphafsskiltinu í Vatnsskarði var skipt út.

## 6. Álit hlutaðeigenda

### 6.1 Innlegg landeigenda

Til að fá betri mynd af Stórurð og Dyrfjallasvæðinu í heild er nauðsynlegt að eiga samtali við landeigendur. Rætt var við þær Jóhönnu og Mörtu Sigmarsdætur fyrir hönd landeigenda Hrafnabjarga en Stórurð tilheyrir landi þeirra sem og leið 8 frá Vatnsskarðsvegi og hluti leiðar 9 frá Vatnsskarði. Einnig var rætt við Þorstein Kristjánsson og Katrínu Guðmundsdóttur á Jökulsá en leið 13 frá Brandsbalarétt liggur að hluta í landi þeirra.

Samtölin sneru að sýn landeigenda á svæðið í heild og framtíðarhorfur þess. Rætt var um skoðun þeirra á gönguleiðum og umferð um svæðið, ráðningu landvarða, friðlýsingu Stórurðar og almennt um ferðamennsku á svæðinu. Einnig gafst þeim kostur á að viðra áhyggjur sínar af vissum málum og benda á það, sem að þeirra mati, mætti betur fara.

Eftirfarandi er samantekt á þeim atriðum sem helst komu fram í umræddum samtölum.

#### Tímabundin opnun

Landeigendur Hrafnabjarga hafa lýst yfir áhyggjum af umferð í Stórurð snemma vors, þegar stór hluti svæðisins er enn undir snjó eða mjög blautur. Ekki þykir ráðlegt að ganga í Stórurð fyrr en í fyrsta lagi um miðjan júlí en ferðamenn byrja þó að ganga um svæðið mun fyrr.

Er það vilji landeigenda að skoðaður sé sá möguleiki að hafa hreinlega lokað inn á svæðið fyrri hluta sumars, eða þar til það er almennilega komið undan vetri. Slíkt myndi bæði minnka óþarfa rask á náttúru svæðisins og sporna við hættum.

#### Lausaganga gæludýra

Hvað varðar lausagöngu hunda og annarra gæludýra var rætt um mikilvægi þess að sýna öðrum gestum tillit á svæði líkt og Stórurð. Fuglalíf er mikið og á gönguleiðunum má einnig finna sauðfé á beit. Því sé mikilvægt að eigendur hafi gæludýr ávallt í bandi á leiðunum í Stórurð sem og í urðinni sjálfri.

## Fjallahjólreiðar

Landeigendur í Hrafnabjörgum leggjast alfarið gegn því að hjólreiðar séu leyfðar í Stóruð. Leyfi hafi verið gefið fyrir því að leggja gönguleiðir á sínum tíma og að þær leiðir verði ekki notaðar af hjólaþólki. Var hringleiðin í urðinni sérstaklega nefnd í þessu samhengi.

## Hestaferðir

Landeigendur vilja ekki að farið sé á hestum í Stóruð. Ummerki eftir slíka hópa eru gjarnan mikil og í fyrrasumar kom það til dæmis fyrir að hópur hestamanna fór um svæðið án þess að hafa rætt við landeigendur. Ummerkin voru þónokkur og mikillar óánægju gætti meðal landeigenda vegna þessa.

## Merkingar gönguleiða

Landeigendur vilja leggja áherslu á öryggi ferðamanna sem ganga um svæðið. Mikilvægir þættir í því samhengi séu ekki aðeins góðar merkingar og reglulegt viðhald heldur einnig að veittar séu skýrar upplýsingar um erfiðleikastig gönguleiðanna, bæði á skiltum við bílastæðin og í leiðarlýsingum á gönguleiðakortinu.

Þá var það vilji landeigenda á Jökulsá að merkingum yrði komið upp til að vísa ferðamönnum frá ruslahaugum Borgarfjarðarhrepps og að Brandsbalarétt. Einnig að komið yrði upp prílú yfir girðinguna við réttina til að beina göngufólki á leiðina áleiðis. Var hvort tveggja gert í sumar.

## Samtal við landeigendur

Landeigendur nefndu mikilvægi þess að ferðafélögin og aðrir haldi uppi samtali vegna gönguleiðanna í Stóruð og annarra framkvæmda. Fengið var leyfi fyrir merkingu gönguleiða á sínum tíma en síðan þá hefur samtalið við landeigendur verið lítið sem ekkert. Nokkur óánægja ríkir t.a.m. meðal landeigenda Hrafnabjarga um að ekki hafi verið rætt við þau varðandi Dyrfjallahlaupið, sem haldið hefur verið af UMFB síðan 2017.

## 6.2 Innlegg ferðamanna

Landverðir ræddu gjarnan við ferðamenn á leið sinni um svæðið til að fá álit þeirra á gönguleiðunum og svæðinu í heild.

### Stikun og merkingar

Nokkrir nefndu að merkingum gönguleiða væri ábótavant og voru það sérstaklega þeir sem gengu um svæðið fyrri hluta sumars þegar hluti gönguleiðanna var enn undir snjó. Á þeim leiðum sem mest eru gengnar er slóðinn þó víðast orðinn nokkuð greinilegur og fólk því almennt ekki mikið að villast nema í mikilli þoku.

Allir sem landverðir ræddu við voru þó sammála um að kominn væri tími til að skipta út gömlum stikum þar sem margar eru brotnar og málningin gjarnan máð af.

### Upplýsingagjöf

Í samtölum við ferðamenn fundu landverðir fyrir mikilvægi þess að hafa viðveru á jafn vinsælu og viðkvæmu svæði og Stórurð er. Margir viðruðu sérstaklega áncægju sína með það að hitta landverði á svæðinu og nýttu tækifærið til að fá ráðleggingar varðandi gönguleiðir og ferðatilhögun eða spyrja út í jarðfræði og náttúru svæðisins.

## 7. Framtíðarsýn fyrir svæðið

Stórurð er ein fegursta perla Íslands og nú þegar effirsóttur áfangastaður ferðamanna. Framtíðarsýn fyrir svæðið verður að byggjast á því að verndun náttúru þess og lífríkis séu í forgangi. Innviðir svæðisins verða að vera svo búnir að svæðið þoli ekki aðeins þann ágang sem fylgir ferðamönnum dagsins í dag heldur sé það einnig búið undir mögulega fjölgun ferðamanna og aukna umgengni í komandi framtíð.

Um verði að ræða framúrskarandi göngu- og útivistarsvæði þar sem merkingar eru til fyrirmyndar, aðgengi er gott og öryggi ferðamanna er í fyrirrúmi en að náttúran fái þó ávallt að njóta vafans. Landverðir hafi reglulega viðveru og sinni eftirliti með náttúru og umgengni um svæðið auk þess að sinna viðhaldi innviða með reglubundnum hætti.

Þá er mikilvægt að öll verkefni séu unnin í sátt við landeigendur og aðra hlutaðeigandi, svo sem Borgfirðinga, sem ferðast mikið um svæðið.

Eftirfarandi er nánari útlitun á helstu þáttum er varða framtíðarsýn fyrir Stórurð.

### Friðlýsing

Líkt og áður hefur verið nefnt er Stórurð komin í friðlýsingarferli. Friðlýsingin er mikilvægur þáttur í náttúruvernd og grundvallaratriði í framtíðarsýn fyrir svæðið en gera má ráð fyrir að umsjá þess færist þá úr höndum heimamanna og yfir til Umhverfisstofnunar.

Á sama tíma halda Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri úti landvörslu á Víknaslóðum en um er að ræða nátengd svæði sem fólk heimsækir gjarnan í sömu ferð. Hvernig sem útfærslan á landvörslu í Stórurð verður í komandi framtíð er mikilvægt að haldið sé í gott samband við þá sem sinnt hafa uppbyggingu og verndun þar hingað til. Það sama gildir um landverði á svæðinu öllu; landverðir í Stórurð og Stapavík og landverðir á Víknaslóðum verða að vera í góðu sambandi til að miðla upplýsingum, þekkingu og reynslu og stuðla þannig að öryggi ferðamanna og verndun svæðisins í heild.

### Merkingar til fyrirmyndar

Til að göngusvæði eins og Stórurð geti þolað ágang ferðamanna verða innviðir þess að vera til fyrirmyndar.

Vel merktar gönguleiðir með stikur, skilti og vegvísa í góðu ástandi eru undirstaða þess að vernda náttúru svæðisins sem og að stuðla að öryggi göngufólks. Innviðum þarf að



koma í gott lag strax næsta sumar og er lagt upp með að úttektin í kafla 4 að ofan verði höfð að leiðarljósi við þær endurbætur. Síðan taki við skipulagt og reglulegt viðhald.

### Landvarsla til frambúðar

Landverðir eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu og verndun svæðis á borð við Stórurð og nauðsynlegt að festa þar landvörslu í sessi til frambúðar. Sjá nánar í kafla 8 að neðan.

### Tímabundin opnun

Líkt og fram hefur komið eru Dyrfjallasvæðið og Stórurð gjarnan undir snjó langt fram á sumar. Ekki þykir ráðlegt að ganga þar um fyrr en í fyrsta lagi um miðjan júlí en umferð um svæðið hefst þó mun fyrr.

Þegar farið er um svæði á borð við Stórurð þegar það er nýkomið undan snjó og mikil bleyta er í jarðvegi þarf lífið til að skilja eftir stór spor. Vinsælustu leiðirnar eru gjarnan farnar að láta mikið á sjá strax um mitt sumar þar sem umferð ferðamanna um vor og snemmsumar skilja eftir sig mikil ummerki.

Ein leið til að stuðla enn frekar að verndun svæðisins væri að hafa gönguleiðirnar lokaðar þar til mestur snjór og bleyta eru horfin. Þannig fengi svæðið að jafna sig eftir að hafa komið undan vetri áður en fólk fer að ganga um svæðið með tilheyrandi riski.

Sem fyrr segir er það yfirleitt um miðjan júlí en opnunartíminn gæti verið ákvarðaður af landvörðum í samráði við landeigendur og heimamenn.



Svæðið er gjarnan lengi undir snjó og blautt fram á mitt sumar.

## Gott samband við landeigendur

Hvort sem um er að ræða friðlýst svæði eða landvörslu á landi í einkaeigu er lykilatriði að samband við landeigendur sé gott og reglulegt. Til að hægt sé að framkvæma nauðsynleg úrbótaverkefni er mikilvægt að sátt um það ríki meðal landeigenda og að reglulega fari fram samtal um ástand svæðisins, mögulegar breytingar og framtíðarsýn þess.

## Góð upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf verður að vera til fyrirmyndar til að stuðla að öruggri umferð ferðamanna sem bera virðingu fyrir náttúru svæðisins. Miðlun upplýsinga getur verið af ýmsum toga; hvort sem um er að ræða fræðsluskilti við upphaf gönguleiða og í Stóruð, merkingar á miðjum gönguleiðum eða viðveru landvarða sem veita upplýsingar á staðnum. Einnig er mikilvægt að gott samband sé við starfsmenn upplýsingamiðstöðva á Egilsstöðum og Borgarfirði til að þar séu veittar réttar og sífellt uppfærðar upplýsingar.

## Umferð um svæðið

Í Stóruð eru aðeins stikaðar gönguleiðir en umferð um svæðið getur þó verið með ýmsum hætti. Þannig hefur áhugi fólks á fjallahjólreiðum aukist nokkuð á Íslandi og er Dyrfjallasvæðið þar engin undantekning. Sumarið 2017 hóf svo Ungmennafélag Borgarfjarðar, UMFB, að halda hið svokallaða Dyrfjallahlaup en í því er hlaupin leið 14 frá Hólalandi og komið til baka í Bakkagerði um leið 13. Hlaupið hefur verið haldið árlega síðan og notið mikilla vinsælda. Einnig hafa hestamenn sýnt áhuga á Stóruð og sumarið 2018 fór til dæmis hópur hestamanna um svæðið.

Hvað varðar umferð annarra en gangandi er nauðsynlegt að samtal eigi sér stað á milli hlutaðeigandi aðila. Þegar gönguleiðirnar voru stikaðar á sínum tíma var fengið leyfi frá landeigendum Hrafnabjarga og vilji hestamenn, hjólafolk eða aðrir fara um svæðið verður að hafa sama háttinn á.

Sé vilji fyrir því að heimila annars konar umferð en gangandi, og leyfi landeigenda liggur fyrir, er mikilvægt að skipuleggja þá umferð; kortleggja hvaða leiðir myndu þola hvað og hvernig hægt væri að stýra umferð um svæðið.

Til dæmis er leið 14 frá Hólalandi sú leið sem myndi best þola umferð fjallahjóla, enda mestmegnis jeppaslóði og svo grýttir melar, á meðan hringleiðin í Stóruð er viðkvæm og þolir enga umferð aðra en gangandi.

## 8. Framtíðarsýn fyrir landvörslu

Eftirfarandi er útlístan á helstu þáttum sem felast í framtíðarsýn undirritaðrar um störf landvarða í Stóruð.

### Lenging tímabils

Í sumar voru landverðir við störf í rúmar sex vikur. Það væri mikill hagur af því fyrir Stóruð og nærliggjandi svæði ef landvörslutímabilið yrði lengt í u.þ.b. þrjá mánuði á ári. Ferðamenn byrja margir að heimsækja svæðið snemma í júní – þvert á ráðleggingar heimamanna – og halda áfram að koma fram á haust. Með því að hafa landverði á svæðinu allan þann tíma næðist ekki aðeins að sinna fleiri verkefnum heldur einnig að sinna upplýsingagjöf og vöktun allan þann tíma sem ferðamenn eru á sveimi.

### Endurbætur í forgangi

Mikilvægt er að leggja fyrst áherslu á endurbætur og lagfæringar á innviðum svæðisins áður en almenn landvarsla tekur við. Með því að endurstika gönguleiðir, lagfæra skilti og annað í þeim dúr er stuðlað að betri og öruggari umgengni um svæðið.

### Vöktun og viðhald

Að loknum endurbótum á helstu innviðum tæki við almennt viðhald og eftirlit með svæðinu sem og náttúruvöktun. Kanna þarf hvernig Stóruð kemur undan vetri ár hvert, fylgjast með ástandi gönguleiðanna og sjá hvaða úrræði virka best í aðgangsstýringu og verndun viðkvæmra svæða. Einnig að fylgjast með hegðun ferðamanna; hvencær þeir heimsækja svæðið, hvar þeir ganga o.s.frv.

### Upplýsingagjöf

Mikilvægur hluti af landvörslustarfinu er almenn viðvera og upplýsingagjöf til ferðamanna. Sýnilegir landverðir sem eru til staðar fyrir fólk á ferð um svæðið skipta miklu máli í að tryggja öryggi ferðamanna og ýta undir góða umgengni.

### Fræðsla

Fræðsla er stór og mikilvægur hluti af störfum landvarða og ein besta leiðin til að ýta undir náttúruvernd. Hægt væri að skipuleggja reglulegar fræðslugöngur um Stóruðina eða hafa viðveru á vissum stað á vissum tíma til fræðslu. Slíkt myndi ekki aðeins auka upplifun gesta heldur einnig stuðla að góðri umgengni um svæðið.

## 9. Tillögur að framkvæmdum

### Almennt

- Laga merkingar á öllum leiðum; skipta út öllum gömlum og ónýtum stikum fyrir nýjar og bæta við stikum þar sem þess er þörf. Ráð væri að byrja á þeim leiðum sem eru mest gengnar, þ.e. hringleiðinni auk leiðanna af Vatnsskarðsvegi og úr Vatnsskarði.
- Skipta út núverandi vegvísum fyrir nýja gerð sem prófuð var á Víknaslóðum í sumar (sjá kafla 4.3 að ofan).
- Skipta út upplýsingaskiltinu í sjálfri Stóruvíðinni. Búið er að endurnýja upphafsskiltið í Vatnsskarði en skiltin á Vatnsskarðsvegi, Njarðvík og Hólalandi voru í ágætu ásigkomulagi.
- Setja litlar göngubrýr yfir drullug svæði við lækjarsprænur þar sem það hentar. Annars staðar mætti glaða grjóthnullungum í blaut svæði til að auðvelda fólki að stikla.
- Festa skilti á alla upphafsstauro með tilmælum til gesta um að halda sig á merktum gönguleiðum, hafa gæludýr í ólum og fleira í þeim dúr. Skiltin eru til hjá FB.
- Yfirfara öll GPS-gögn um svæðið. Gera GPS leiðarmerkingar fyrir þær leiðir sem ekki eru til nú þegar. Koma öllum gögnum á einn stað.
- Útbúa fræðsluskilti um náttúru og jarðfræði svæðisins og setja niður við krossgötur þriggja leiða sunnan við Mjóadalsvarp.

### Gönguleiðir

#### Vatnsskarðsvegur – Stóruvíð (leið 8)

- Endurstika leiðina alveg. Skoða það að færa leiðina á köflum þar sem mikið er um mýrar.
- Setja litlar göngubrýr eða hlaða grjóti í drullug svæði sem eru erfið yfirferðar.
- Skipta út vegvísunum.

### Vatnsskarð – Stórurð (leið 9)

- Setja göngubrýr yfir læki þar sem jarðrask er orðið mikið. Sjá GPS hnit í kafla 4.5 að ofan.
- Hlaða grjóti eða færa leiðina á þeim köflum sem liggja hátt og eru lengi undir snjó eða blautir.

### Njarðvík – Stórurð (leið 10)

- Gera upphaf leiðarinnar úr Njarðvík ögn skýrara svo það fari ekki á milli mála hvar leiðin hefst.

### Bakkagerði – Stórurð (leið 13)

- Setja upphafsskilti við Brandsbalarétt með leiðarlýsingu og korti.
- Setja almennilegt skilti sem beinir fólki frá ruslahaugunum og að Brandsbalarétt. Í sumar var sett niður mjög svo heimatilbúið skilti til bráðabirgða.

### Hólaland – Stórurð (leið 14)

- Setja vegvísi þar sem beygja á út af vegslóðanum undir Grjót fjalli.
- Þetta stikun eftir að beygt er út af jeppaslóðanum.

### Stórurð (hringleið)

- Laga upplýsingaskilti með korti og leiðarlýsingum. Textinn er að miklu leyti máður af vegna raka og plastið er rispað.
- Setja göngubrú yfir nyrstu jökulsána. Hún er oft vatnsmikil og hana getur verið erfitt að stikla.
- Skoða það að færa leiðina þar sem ferðamenn þurfa mikið að príla en þar myndast gjarnan snjóloft. Einnig þar sem leiðin er farin að láta mikið á sjá.

## 10. Lokaorð

Stórurð er ekki aðeins ein fegursta perla landsins heldur stórbrotið svæði sem hrífur hvern þann sem ber það augum. Umferð um svæðið er nú þegar nokkuð mikil og hefur farið vaxandi undanfarin ár með tilheyrandi álagi á náttúru þess og innviði.

Möguleikar svæðisins eru miklir og nú þegar hefur verið unnið gott starf við merkingar gönguleiða og upplýsingagjöf. Verði ekkert aðhafst er þó hætt á að þessi mikla náttúruperla fari illa vegna áframhaldandi ágangs ferðamanna.

Nú er tækifæri til að grípa í taumana og fara í markvissar umbætur en með því að sýna fyrirhyggju og bregðast við tímanlega er hægt að koma í veg fyrir að Stórurð endi líkt og margir vinsælir ferðamannastaðir þar sem sífellt er verið að slökkva elda. Friðlýsingarferlið er vissulega mikilvægur þáttur í þeirri vegferð.

Á heildina litið er ástand svæðisins nokkuð gott en það gæti verið mun betra. Gönguleiðirnar eru víða farnar að láta mikið á sjá og sjálf urðin einnig. Til að vernda viðkvæma náttúru og lífríki svæðisins er mikilvægt að ráðast sem fyrst í þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem nefndar eru í ofanverðri úttekt. Með áherslu á góða innviði, aðgangsstýringu, upplýsingagjöf og aukið eftirlit er nefnilega ekkert því til fyrirstöðu að svæðið komist í gott horf og geti tekið á móti þeim fjölda gesta sem það heimsækir á ári hverju.

Verkefni sumarsins gengu vonum frammar og er ég afar þakklát landeigendum Hrafnabjarga sem og Borgfirðingum fyrir frábærar viðtökur og jákvæðni í garð þessa verkefnis. Einnig eiga meðlimir Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahóps Borgarfjarðar þakkir skildar fyrir góða undirbúningsvinnu og stuðning í sumar.

Það er tilhlökkunarefni að fá að fylgjast með, og vonandi taka þátt í, áframhaldandi uppbyggingu og verndun Stórurðar á komandi árum. Miðað við þann fjölda fólks sem er annt um svæðið og er tilbúið að leggja sitt af mörkum til að stuðla að verndun þessarar ótrúlegu náttúruperlu er óhætt að segja að framtíðin sé björt.